

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptabréfareglur (60%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur: 7. nóvember 2015 Kl.: 09:00 – 13:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblöð: 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Peningaseðlar eru algengustu viðskiptabréf sem notuð eru í daglegum viðskiptum.
 Rétt
 Rangt
2. Sterkar mótbárur skuldara eru meðal annars mótbárur er lúta að greiðslu vaxta, vanlýsingu og umboðsskorti.
 Rétt
 Rangt
3. Sá, sem ritað hefur framsal á víxil, ábyrgist greiðslu hans.
 Rétt
 Rangt
4. Framsalshafi viðskiptabréfs getur almennt unnið betri rétt fyrir traustnám heldur en framsalshafi almennrar fjárkröfu.
 Rétt
 Rangt
5. Mögulegt er að breyta viðskiptabréfi sem er handhafabréf í nafnbref með því að framselja það til nafngreinds aðila.
 Rétt
 Rangt

6. Engar mótbáru skuldara komast að gagnvart framsalshafa (kröfuhafa) skuldabréfs sem er rafrænt skráð.

Rétt

Rangt

7. Við framsal víxils til grandlauss framsalshafa glatar skuldari öllum mótbárum gagnvart framsalshafa sem ekki eru skráðar á víxilinn án tillits til þess hvort sterkar eða veikar mótbáru sé að ræða.

Rétt

Rangt

8. Víxill er ávallt gefinn út á hendur banka eða sparisjóði.

Rétt

Rangt

B. Krossaspurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi staðreynda um tékka er röng:

a) Tékkar eru upprunnir í Englandi á 18. öld.

b) Tékkar geta ýmist verið á hendur öðrum manni eða eigin tékka.

c) Tékki er skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga.

d) Greiðandi tékka er ávallt banki eða sparisjóður.

2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:

a) Öll verðbréf eru viðskiptabréf.

b) Afleiður eru alltaf viðskiptabréf.

c) Skuldabréf eru alltaf verðbréf.

d) Skuldabréf eru alltaf rafbréf.

3. Reglan um innlausnarrétt skuldara:

- a) Felur í sér að ef viðskiptabréf eyðileggst eða glatast getur kröfuhafi leyst til sín réttindi samkvæmt bréfinu með sérstöku ferli.
- b) Felur í sér að skuldari losnar undan skuldbindingu sinni ef hann innir greiðslu sína af hendi til hins upphaflega kröfuhafa, enda hvorki viti hann né megi vita að krafan hafi verið framseld öðrum.
- c) Kemur fram í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar um áritunar á skuldabréf frá 9. febrúar 1798.
- d) Felur í sér að skuldari losnar undan skuldbindingu sinni greiði hann þeim sem hefur viðskiptabréfið í hendi sér með formlega löglegri heimild enda hvorki viti hann þá né megi vita að annar eigi betri rétt til bréfsins.

4. Skilríkisreglan felur í sér að:

- a) Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni greiði hann þeim sem hefur viðskiptabréfið í hendi sér með formlega löglegri heimild enda hvorki viti hann þá né megi vita að annar eigi betri rétt til bréfsins.
- b) Sá sem tekur við fullnaðargreiðslu samkvæmt skuldabréfi ber að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.
- c) Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni ef hann innir greiðslu sína af hendi til hins upphaflega kröfuhafa, enda hvorki viti hann né megi vita að krafan hafi verið framseld öðrum.
- d) Þegar greidd er afborgun af skuldabréfi hvílir sú skylda á kröfuhafa að hafa frumrit bréfsins við höndina og rita bæði á bréfið sjálft kvittun fyrir afborguninni og gefa skuldara auk þess lausa kvittun fyrir henni.

5. Reglan um réttindamissi þriðja manns gerir það m.a. að verkum að:
- a) Maður sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er nafnbref, tapar réttindum sínum, við framsal til grandlauss aðila þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
 - b) Maður sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er handhafabref, tapar réttindum sínum, við framsal til grandlauss aðila þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
 - c) Maður sem eignast hefur réttindi yfir hlutabréfi, tapar réttindum sem eingöngu er getið um í samþykktum félagsins en ekki á hlutabréfinu sjálfu, við framsal til annars aðila þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
 - d) Maður sem eignast hefur réttindi yfir viðskiptabréfi sem er rafbref, tapar réttindum sínum, við framsal til aðila sem er grandsamur um réttindin, þrátt fyrir að framsal sé komið frá ófjárráða einstaklingi.
6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:
- a) Falli ein afborgun og vextir skuldabréfs í gjalddaga án greiðslu er kröfuhafa almennt heimilt að gjaldfella alla útstandandi skuld samkvæmt skuldabréfinu án tillits til þess hvort slík heimild komi fram í skuldabréfinu eða ekki.
 - b) Forsenda þess að skuldabref sé gilt er að það sé vottað af tveimur einstaklingum eða lögmanni.
 - c) Skuldabref fela ávallt í sér skuldbindingu um að greiða ákveðna peningafjárhæð.
 - d) Framseljandi skuldabréfs ber almennt ábyrgð á því gagnvart framsalshafa að krafan samkvæmt skuldabréfinu fáiast greidd.
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:
- a) Verðbréfamiðstöð er félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu verðbréfa í reikningsstofnun.
 - b) Þegar viðskiptabref eru eignarskráð í verðbréfamiðstöð glatast ekki mótbáru sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun.
 - c) Heimilt er að gefa viðskiptabref út á pappír fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbrefi en gæta þarf að því að tilkynna framsal til verðbréfamiðstöðvar.
 - d) Þriðji maður heldur réttindum sínum yfir rafbrefi við framsal, þrátt fyrir að réttindin hafi ekki verið skráð í verðbréfamiðstöð, ef framseljandi var ófjárráða þegar framsalið var gert.

8. Viðskiptabréf telst framselt með samningi í lifanda lífi ...:
- a) Ef það erfist.
 - b) Ef það er látið í skiptum fyrir önnur verðmæti með samningi.
 - c) Ef það er afhent lögmanni til innheimtu.
 - d) Ekkert af ofangreindu er rétt.

C. Ritgerðarspurning (10%).

Fjallið um ógildingu viðskiptabréfa samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D. Raunhæf verkefni (26%)

Verkefni 1 (10%)

A fékk lán hjá B og gaf í staðinn út skuldabréf að fjárhæð 1.000.000 kr. Hvorki er getið um vexti eða gjalddaga á skuldabréfinu. A átti erfitt með að borga skuldina og sömdu þeir A og B nokkru síðar um að A myndi afhenda B reiðhjól og haglabyssu til eignar gegn því að skuldin yrði lækkuð um 500.000 kr. Gerður var skriflegur samningur um þessi viðskipti en ekkert var ritað á skuldabréfið sjálft. B skildi nokkru síðar við konuna sína og við skipti á búi þeirra hjóna fékk konan, C, skuldabréfið í sinn hlut. Konan dó síðan og fékk sonur hennar D skuldabréfið í arf. D hefur nú falið lögmanninum E að innheimta bréfið og ritaði skriflegt umboð á bréfið þess efnis. Lögmaðurinn hefur sent A innheimtubréf þar sem hann krefst greiðslu 1.000.000 kr.

þarf A að greiða skuldina til E?

Verkefni 2 (16%)

Þann 1. maí sl. keypti Þór Óðinsson 8 hjóla fjallatrúkk, sem nefndur er Hamarinn, af Starkaði Antonssyni. Þór hugðist nota Hamarinn við bjóða upp á ævintýraferðir upp á jökul. Kaupverðið greiddi Þór að hluta með útgáfu skuldabréfs. Í skuldabréfinu segir m.a. „Undirritaður, Þór Óðinsson, kt. 241280-3009, viðurkennir að skulda Starkaði Antonssyni, kt. 010172-1239, eða þeim sem síðar kann að eignast bréf þetta með löglegu framsali, 10.000.000 kr. í samræmi við skilmála þessa bréfs.“ Samkvæmt efni bréfsins skyldi endurgreiða skuldina með 10 jöfnum afborgunum, þeirri fyrstu 1. júlí og síðan á mánaðarfresti þaðan í frá. Skuldabréfið skyldi bera fasta 10% vexti á ársgrundvelli og skyldu þeir greiðast mánaðarlega samhliða afborgunum.

Skömmu eftir viðskiptin fór Starkaður í heimsreisu. Á meðan Starkaður var á ferðalagi braust glæpagengi inn til hans og stal m.a. skuldabréfinu. Forsprakki glæpagengisins, Loki, tók skuldabréfið í sínar vörslur og ritaði á það „ég undirritaður Starkaður Antonsson framsel skuldabréf þetta til handhafa“. Því næst fór hann með bréfið til kunningja síns sem starfaði

hjá verðbréfafyrirtækinu Hydra Investment hf. og kannaði hvort áhugi væri fyrir því að kaupa skuldabréfið. Starfsmaður Hydra aflaði upplýsinga um Þór og taldi hann skuldabréfið geta verið álitlegan fjárfestingakost og bauðst til að kaupa það af Loka á nokkrum afslætti eða samtals 6.500.000 kr.

Þór fékk innheimtubréf frá Hydra Investment hf. 1. júlí. Í kjölfarið fór Þór á fund hjá starfsmanni verðbréfafyrirtækisins og krafðist þess að fá að sjá skuldabréfið. Starfsmaður Hydra neitaði að sýna honum bréfið og kvaðst myndi gjaldfella bréfið ef Þór neitaði að borga skuldina. Þór greiddi þá fyrstu afborgunina auk vaxta. Þegar kom að annarri afborgun 1. ágúst krafðist hann þess aftur að fá að sjá bréfið. Starfsmaðurinn sem hann hitti þá féllst á að sækja bréfið og sýna Þór að á bréfið væri áritað framsal til handhafa. Þór greiddi afborganir af bréfinu 1. ágúst, 1. september. og 1. október sl.

Nú er Starkaður kominn heim úr heimsreisunni og hefur orðið þess var að brotist hafi verið inn hjá sér og skuldabréfinu stolið. Hann hafði samband við Þór sem upplýsti hann um að skuldabréfið væri hjá Hydra Investment hf. og hann hefði þegar greitt af því þrjár afborganir auk vaxta.

Starkaður hefur nú leitað til lögfræðings sem hefur f.h. Starkaðar krafist þess að fá skuldabréfið afhent frá Hydra Investment hf. og að Þór greiði þær fjórar milljónir sem þegar eru gjaldfallnar af bréfinu til sín.

Fjallið um eftirfarandi atriði með hliðsjón af viðskiptabréfareglum:

- 1. Fjallið um möguleika Starkaðar á því að ná bréfinu til baka frá Hydra Investment hf.**
- 2. Þarf Þór að greiða gjaldfallnar greiðslur aftur í samræmi við kröfu Starkaðar?**

Svar skal vera ítarlega og vel rökstutt. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfalli.